



Sverrir Haraldsson á sýningunni að Kjarvalsstöðum.

Er ekki nóg að mynd sé mynd?



Úr Kollafirði, 1973.

Sverris vita, að hann vinnur hægt og sýnir sjaldan. Málverkin hjá honum hafa komið í lotum með greinilegum kaflaskiptum kringum sýningar. Þess á milli hefur hann föndrað við sitthvað annað og hneykslað ýmsa. Hann tók t.d. upp á því eitt árið að þeyta heimagerðum flugdrekum um alla Sogamýrina og mála óskutunnurnar í öllum regnbogans litum. Annað skiptið tálgaði hann spýtur. Svo var hann lengi að setja saman skerma, viftur og fleira úr stráum og nú sé ég ekki betur en hann sé farinn að sökkva sér niður í módelsmíði á seglskipum. Táknar það, að breyting sé í nánd? Verða enn kaflaskipti eftir þessa sýningu?

— Víst er það að brjótast í mér, að ég þurfi eitthvað að stokka upp, viðurkennir hann, en það er of fljótt að tala um það, þetta er svo óljóst enn. Eftir því sem tíminn líður breytir maður ekki eins oft um og meðan maður var yngri. Þó hef ég undir niðri af því einhvern pata, að ég megi aðeins fara að velta vöngum. Ég er samt orðinn of gamall til að fara að taka eitthvert heljarstökk og þú mátt bóka, að ég fer ekki að mála neinn skammarkrók aftur!

Í sumt af hinu mætti þó sækja einhver korn, einkum finnst mér að áhrif frá myndunum um '52 gætu bæst við það sem ég er að gera nú. Þegar ég hef verið að skipta yfir aður hefur mér hætt við að taka dálítið harkalega afstöðu, en hún hefur þó oftast reynst það rétta fyrir mig. Þegar ég var að skipta yfir í landslagið man ég að Helgi Hálfdánarson spurði mig, hvort ég héldi ekki, að pendúllinn ætti eftir að stillast. Jú, kannski, svaraði ég. En það furðulega er, að þetta fór alveg öfugt við það sem Helgi hélt, enn lengra í hina áttina.

Er ekki nóg að vera málari?

Kannski var orsök þess, að ég fór enn lengra út í landslagið, að ég vildi ná valdi yfir mínum klaufaskap og enn vona ég, að mér takist það. Sumir eru að segja, að það eina sem ég hafi séu einhvern flinkheit, en mér finnst þau hins vegar ekki nóg, þó mér hafi farið fram, og er enn að vona að ég geti farið að mála almennilega. Þeir fagmenn eru til, sem virðast óttast tæknina og halda að hún sé eitthvað ógurlega hættulegt, en ég held þvert á móti, að hún sé nauðsynleg til að menn séu frjálsir og geti gert það sem þá langar til.

Það er líka ánnar of algengur misskilningur, finnst mér, og það er að eitthvað sérstakt verði að búa að baki hverrar myndar. Er ekki nóg að mynd sé mynd og hún sé góð? Þarf málari að vera einhver spekingur? Er ekki nóg að vera málari? Það koma kannski listfræðingar og fara að tala ógurlega merkilega um hugsanir manns og menn vilja endilega hafa eitthvað á bak við þetta. En hvers vegna?


Þá skeður eitthvað

— Þegar þú ert búinn að ná þeirri tækni, sem þú talar um nú, heldurðu þá að þú verðir fullkomlega frjáls? Kemur þá ekki eitthvað annað sem þú þarft að ná valdi á?

— Það er mikið eftir og að sjálfsögðu er þetta ekki bara tækni, þó að hún sé skilyrði. Núna langar mig til að velta ýmsu fyrir mér. Það hefur verið óvenjumikil pressa á mér undanfarin ár að vinna fyrir peningum til að byggja fyrir — ég er ekki þar með að segja, að það hafi haft áhrif á málverkin.

En maður getur málað yfir sig. Kannski er hægt að halda áfram við það sama, það er hægt að gera fleira sömu tegundar og hvað öðru líkt, en ég hef ekki ánægju af því, það kemur ekkert nýtt út. Ég hef alltaf unnið í lotum og lotan nú hefur verið óvenjulöng. Svo kemur stopp og þá hefur mér verið óhætt að hlýða og hætta. Viðfangsefnið er uppurið. Og þá skeður eitthvað....

—vh




Smáeyjar, 1944.



1963, sprauta.



Vetur í Svínahrauni 1973.



1952, olía.

Það hefur víst varla farið framhjá neinum, hver er að sýna á Klömbrum núna eftir allar þær fréttir og myndir sem birst hafa í blöðum og meira og minna hnútukast í dómum.

Sjálfur gerir Sverrir Haraldsson ekki mikið meira en glotta og dregur umburðarlyndur fram það sem jákvætt er í umsögnunum, rétt eins og þolinmóður kennari — dettur ekki einu sinni í hug að fyrirverða sig fyrir að vera vandvirkur og nostursamur, sem virðist þó vera það, sem mest fer í taugarnar á þeim, sem um myndirnar fjalla.

Það eru hvorki meira né minna en 233 verk á sýningunni á Kjarvalsstöðum, en heima á Hulduhólum eru líka allir veggir þaktir, — myndir, sem fengnar voru að láni en ekki komust á sýninguna og öðru eins hefur þegar verið skilað eigendunum. Samt höfðu þeir, sem að sýningunni unnu, ekki uppá nærri öllum myndum Sverris og ómögulegt virðist að grafa upp hvar þær geta verið niður komnar. Einstaka eigendur vildu ekki lána myndir sínar — máttu ekki missa þær af stofuveggnum!

Höfundarréttur myndlistarmanna?

Meðal þeirra sem unnu við að koma sýningunni upp var Steinunn Marteinsdóttir leirkerasmiður, kona Sverrir, og segist margt hafa lært og þó fyrst og fremst það, að listamenn njóti hér ekki höfundarréttar, nema rithöfundar. — Það virðist algerlega vanta eitthvað í íslensk lög, sem tryggir myndlistarmönnum þennan rétt, segir hún. Það ætti að vera réttur listamanns og hins opinbera að fá lánuð verk til sýninga, hver sem hefur keypt þau eða á þau og einhver opinber aðili ætti að hafa skrásetningarskyldu yfir listaverk. Það nær engri átt, að einhver einstaklingur eigi kannski bestu verk listamanns og loki þau inn í stofunni sinni og leyfi engum að njóta. Einmitt þetta hefur gerst með sumar myndir þekktustu listamanna þjóðarinnar. Sem betur fer tóku þó langflestir eigendur verka Sverris vel í að lána þau og því höfum við nú fengið þessa miklu sýningu og er áreiðanlega einstætt, að haldin sé jafn ýtarleg yfirlitssýning jafn ungs listamanns, — Sverrir er rétt rúmlega fertugur. Þar að auki eru þarna margar myndir, sem aldrei hafa verið sýndar áður, bæði nýrri, sem seldar hafa verið beint úr vinnustofu, og einnig stór hluti frá árunum 1942—48, — bernskubrekin, segir Sverrir. — Ég reiknaði aldrei með að sjá þær aftur, en þetta eru þær myndir, sem kollegar mínir þora helst að hrósa mér fyrir.

— Hafðirðu gert þér grein fyrir, hve mikið hefur komið frá þér?

— Varla. En þó man ég eftir öllum þessum hlutum, þegar ég sé þá. Jafnvel ískyggilega vel, ég man hvar ég var, hvernig ég stóð, stundum hvað ég var að hugsa og hvernig mér leið við að gera hverja mynd, m.a.s. þegar ég var strákur. T.d. man ég þegar ég var að gera eina myndina 13 ára í Eyjum. Það var á sunnudegi og ég var á skrifborðinu hjá honum afa mínum í norðurstofunni heima. Ég hafði óskaplega gaman af að mála, þegar ég var strákur.

— Meira en nú?

— Óðruvísi. Ég vissi þá svo lítið og kunni ekki neitt. Þetta var meiri leikur í þann tíð.

— Ertu ánægður með sýninguna?

— Ég efast um, að haldin hafi verið jafn vel unnin yfirlitssýning, en það segir samt ekkert um gæðin. Það er búin að vera óhemjuleg vinna að koma þessu upp, að vísu hef ég skrifað upp eigendur á síðari árum, en hafði ekki gert áður. Samt mundi ég og sumt fengum við ábendingar um, en auðvitað finnst aldrei allt og ég man eftir ákveðnum myndum, sem ég hefði viljað hafa með, en veit ekki hvar eru niðurkomnar. Auk Steinunnar aðstoðuðu tveir menn mig við þetta í sumar og við tókum litmyndir af öllu sem við fundum, límdum á karton og skrásettum, og svo var að velja og hafna.

Hugsa ekki um hver kaupir

— Hverjir eru eigendur að myndunum þínum, Sverrir?

— Það er mjög skipt, eins og sést í sýningarskránni. En eftir því sem málverkin hækka í verði leiðir það af sjálfu sér, að það eru ekki nema menn með talsverðar tekjur, sem kaupa þau. Læknar eiga t.d. mikið af myndum mínum frá síðustu árum og einnig ertalsvert um að félagasamtök kaupi þær til gjafa á stórafmælum eða þess háttar. En það kemur líka venjulegt fólk og kaupir myndir, sem það langar í, með afborgunum.

— Er ekki hálfleiðinleg tilfinning að hugsa til þess að fyrst og fremst efnamenn fái myndirnar?

— Maður er ekki spurður um það í sjálfu sér, — og þetta stóra leikrit okkar, lífið, virðist því miður byggjast mikið á þessu. Það er enginn uppmælingataxti í þessari vinnu og þegar verki er lokið fara menn hreinlega eins langt og þeir komast. Því þekktari sem þeir eru, því hærra er hægt að fara. Í þessu þjóðfélagi verður hver að beita kjafti og klóm til að verða ekki undir. Sé haldið við lægra verð, **vill enginn** myndirnar, og segja má að um leið og maður nær fótfestu gerir maður þeim greiða, sem hafa keypt, því þeirra myndir stiga þá líka í verði. Satt að segja held ég, að aðrir græði síðar miklu meira á listaverkum en listamaðurinn sjálfur gerir nokkru sinni. Nú er t.d. verið að selja Kjarvalsmálverk á uppboðum og verðir er kannski 500 falt á við það sem Kjarval seldi á sjálfur.

Sverrir segist vita að verð þeirra fáu mynda, sem eru til sölu á sýningunni nú, veki umtal. En verðið fer eftir markaðnum og hann segist hafa valið toppmyndir og þá ekki sneitt utanaf. Ein myndin var verðlögð sérstaklega hátt þar sem Steinunni langaði að eiga hana. Samt var verðið yfirboðið.

— Þetta er bæði gott og vont og auðvitað andstyggilegt að því leyti, að það útilokar fólk með lágar tekjur, segir hann. En fari ég að bera saman og skoða hjá sumum, sem við þetta fást og selja kannski á 50—70 þúsund myndina, finnst mér mitt verð kannski of lágt. Margt af því sem selst mjög greitt á þessum summum er einfaldlega einskis virði.

En satt að segja, þá hugsa ég aldrei um, hver muni kaupa né á hvað, þegar ég er að mála.

Reynir að sjá veiku punktana

— Hvernig verkar á þig að horfast svona í augu við lífsverkið í stórum drättum? Heldurðu áfram við það sem þú ert að fást við nú eða breytirðu til?

— Fyrst og fremst verkar sýningin þannig á mig, að mér finnst, að ég verði að fara að mála almennilega. Þannig hefur það verið við hverja sýningu. Hitt á eftir að koma í ljós. Í rauninni á ég eftir að skoða sýninguna verulega vel sjálfur og kannski eftir að læra eitthvað af henni. Ég ætla að reyna að sjá betur veiku punktana í þessu, bera saman og gera upp við mig, hvort um framför eða afturför er að ræða. Það hefur verið reynt að þröngva upp á mig þeirri skoðun, að þetta sé afturför.

Sverrir segist ekki sjálfur hafa átt hugmyndina að yfirlitssýningunni, en sjá nú, að gott sé að fá yfirlit yfir það, sem hann hafi gert, ekki síst meðan hann sé í fullu fjöri og geti þá séð, hvort bæta megi um. — En ég samþykki verkin, segir hann. Kannast við þau sem mín afkvæmi, sem ég hef enga löngun til að afneita.

— Þú hefur stundum gefið harðorðar yfirlýsingar um vissan kafla í þróunarferli þínum, nefnilega um þær myndir, sem þú segir, að kollegarnir hrósi þér helst fyrir. Skiptirðu um skoðun við að sjá þær aftur?

— Alls ekki! Skammarkrókurinn er enn á sínum stað og heldur áfram að vera það!

Ekki samt heljarstökk

Þeir sem fylgst hafa með ferli

Hvað kemur næst hjá Sverri? Núverandi viðfangsefni er uppurið, segir hann sjálfur í viðtali við Þjóðviljann, og er farinn að búa til seglskip heima á Hulduhólum